

Alþingi
Erindi nr. P 130/153
komudagur 18.11.2003

Félagsmálanefnd.

Með bréfi dagsettu 29. október sl., var Akureyrarbæ send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlanir til að ná fram launajafnrétti kynjanna, 15. mál.

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd tók málið til umfjöllunar á fundi sínum 11. nóvember sl. og samþykkti eftirfarandi bókun:

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd Akureyrarbæjar lýsir stuðningi sínum við það markmið að náð verði fram fullu launajafnrétti kynjanna í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Nefndin tekur hins vegar ekki afstöðu til útfærslu framkvæmdarinnar.

Virðingarfyllst
f.h. Akureyrarbæjar

Katrín Björg Ríkarðsdóttir, jafnréttisráðgjafi
Geislagötu 9, 600 Akureyri